

12

SKRÁNINGARKERFI


fyrir safngripi

á

ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

og önnur gagnagrunnskerfi

Guðmundur Ólafsson



Desember 1994

Efnisyfirlit

Inngangur	2
DataPerfect	2
AÐALSKRÁ	2
Innbyggðar leiðbeiningar í Aðalskrá	4
Flókin útprentun	4
Ný kynslóð gagnagrunnsforrita	4
Erlendar lausnir	5
Innlendar lausnir	5
Hvaða kröfur ber að gera til nýs forrits?	5
Ókostir	6
Kostir 6	
Valkostur	6
Ljósmyndaskráning	6
Stefna í skráningarmálum minjasafna	7
Framvinda tölvumála á Þjóðminjasafni	7
Niðurstaða	8

Inngangur

Eftirfarandi greinargerð, sem unnin er að ósk safnstjóra og fjármálastjóra Þjóðminjasafns, er fyrst og fremst kynning á skráningarforritum sem í notkun eru á Þjóðminjasafni Íslands. Sérstaklega er gerð grein fyrir skráningarkerfi fyrir safngripi. Ræddir eru kostir og gallar forritsins og nefnd eru nokkur forrit sem líkleg eru til að geta tekið við af núverandi kerfi. Sagt er frá kröfum sem gera þarf til nýs skráningarkerfis og fjallað er um helstu kosti og ókosti við að taka nýtt kerfi í notkun. Að lokum eru settar fram nokkrar ábendingar og niðurstöður um stefnumörkun í tölvuskráningarmálum minjasafna og æskilega forgangsröðun í sambandi við tölvuvæðingu safnsins.

DataPerfect

Frá árinu 1987 hefur gagnagrunnskerfið **Data Perfect** verið notað á Þjóðminjasafni Íslands til þess að halda utan um ýmis konar gagnaskrár. Það er gert fyrir PC tölvur og í því er auðvelt að hanna í skráningarkerfi án sérstakrar kunnáttu í forritun. Eftirfarandi skráningarkerfi hafa verið sett upp í DataPerfect og tekin í notkun á Þjóðminjasafni og fleiri minjasöfnum:

AÐALSKRÁ. Skrá yfir safngripi.

FRIDLÝST. Skrá yfir friðlýstar minjar.

FORNLEIF. Kerfi fyrir fornleifaskráningu.

JARÐFUND. Fundaskrá fyrir fornleifarannsóknir.

TEIKNING. Skrá yfir teikningar fornleifadeildar.

MYNDSKRÁ. Skrá yfir ljósmyndir fornleifadeildar.

BRÉFSKRÁ. Kerfi fyrir skráningu bréfasafns.

Á Minjasafninu á Akureyri hafa auk þess verið gerðar nokkrar skrár til notkunar þar. M.a. **BÓKASAFNSSKRÁ** og skrá yfir **MANNAMYNDIR**, þar sem búið er að skrá inn um 50.000 myndir (einnig til á Skjalasafninu á Dalvík og minjasafninu á Húsavík).

Þjóðminjasafn Íslands á DataPerfect hugbúnaðarpakka og gegnum það hafa byggðasöfn getað keypt viðbótarpakka frá EJS á vægu verði. Skráningarkerfi sem hönnuð hafa verið í DataPerfect á Þjóðminjasafni hafa önnur söfn eða aðilar minjavörslunnar getað fengið til afnota endurgjaldslaust.

Fyrir þá sem ekki þekkja til skráningarkerfis Þjóðminjasafns fylgir hér stutt lýsing á **AÐALSKRÁ** safngripa.

Aðalskrá er byggð upp á 8 skjámyndum eða spjöldum sem tengd eru innbyrðis og er ætlað að halda utan um upplýsingar um hvern skráðan grip á safninu.

Spjald-1: **Aðalspjald** geymir grunnupplýsingar um hvern safngrip. Aðrar skjámyndir eru viðbótarskrár sem þurfa að vera til staðar þó að þær séu sjaldnast nýttar um hvern einasta hlut. Á aðalspjaldinu eru 32 atriði eða svæði, en á öllum spjöldunum eru samanlagt 100 atriði sem hægt er að fylla út um hvern einstakan hlut.

Af aðalspjaldi er, með einum áslætti, hægt að hoppa af einu spjaldi yfir í annað til þess að athuga um viðbótarupplýsingar, bæta við eða sækja upplýsingar og hoppa síðan til baka. Tígull (♦) fyrir framan svæði sýnir hvar tenging er við aðrar skjámyndir.

Spjald-2: **Nafnaskrá.** Þar eru skráðar upplýsingar um einstaklinga sem tengjast safngripum á einhvern hátt. T.d. þeir sem hafa fundið, gefið, selt, notað eða gert þá hluti sem koma á safnið. Hvert nafn þarf aðeins að skrá einu sinni í kerfið. Eftir það má tengja nafnið við alla þá safngripi sem við á.

Spjald-3: **Sveitarfélagaskrá.** Skrá yfir öll sveitarfélög landsins, og tákntölur þeirra. Með því að ýta á F8 hnapp er náð í rétt sveitarfélag og tákntölu úr þessari skrá inn á aðalspjaldið. Þetta gefur möguleika á að leita landfræðilega að sérhverjum hlut.

Spjald-4: **Forvarsla.** Sérstakt spjald þar sem hægt er að halda skrá um hvenær og hvaða forvörsluáðgerðir eru gerðar á viðkomandi safngrip.

Spjald-5: **Lánþegaskrá.** Sérstök skrá yfir þá sem fá safngripi að láni. Það geta verið einstaklingar eða stofnanir t.d. önnur söfn vegna sérsýninga.

Spjald-6: **Viðbótarupplýsingar.** Autt textaspjald fyrir allar viðbótarupplýsingar sem þurfa þykir um viðkomandi hlut, og rúmast ekki í afmörkuðum svæðum annarra spjalda. Viðbótartexti getur verið frá einu orði upp í nokkrar blaðsíður.

Spjald-7: **Íslensk minjasöfn.** Skrá yfir minjasöfn, heimilisfang; símanúmer; hvenær þau voru stofnuð; upplýsingar um forstöðumenn o. fl. Hverju safni hefur verið gefið sérstök fjögurra stafa einkennistala, sem byggir á tákntölukerfi sveitarfélaga. Þannig er tryggt að gripir úr mismunandi söfnum ruglast ekki saman, ef öllum safnskrám landsins verður steipt saman í eina heildarskrá.

Spjald-8: **Flokkunarkerfi** er innbyggt í forritið, þannig að auðvelt er að finna réttan flokk og flytja hann yfir í aðalskjámyndina. Helstu kostirnir við notkun flokkunarkerfisins eru þeir, að á svipstundu er hægt að sjá hvað til er af safngripum sem tilheyra einhverjum tilteknum málaflokki, t.d. heyskap, veiðafærum, matargerð, fatnaði o.s.frv. Jafnframt sést ef einhverja gripi vantar í safnið í viðkomandi flokki. Þannig er flokkunarkerfi mikilvægt hjálpartæki við sýningargerð og ekki síst til þess að gera sér grein fyrir því, hverju sé brýnast að safna.

* * * * *

Eftirfarandi minjasöfn hafa fengið eintak af Aðalskrá safngripa: Nesstofusafn, Sjóminjasafn Íslands og Lyfjafraeðisafnið. Byggða- og minjasöfnin á Akranesi, Stykkishólmi, Ísafirði, Reykjum, Akureyri, Húsavík og í Keflavík. Einnig Safnastofnun Austurlands og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Skáning er mismunandi langt á veg komin á þessum söfnum. Á Minjasafninu á Akureyri er t.d. búið að tölvuskra alla gripi safnsins um 6 þúsund, en annars staðar hefur minna verið skráð og sums staðar er skráning ekki enn hafin.

Á Þjóðminjasafni er nú búið að skrá um 12500 gripi.
Lauslega áætlað mun vera búið að skrá í Aðalskrá um 20000 safngripi á landinu öllu.

Innbyggðar leiðbeiningar í Aðalskrá

Með hverjum reit fylgja stuttar leiðbeiningar um hvernig á að skrá í viðkomandi reit. Leiðbeiningarnar birtast efst á skjánum um leið og komið er í nýjan reit. Ef ýtt er á örvahtapp ↑, birtist dálkauppsetning efst á skjánum á nánast hverju einasta atriði sem búið er að skrá, í stafrófsröð eða númeraröð, eftir því úr hvaða reit er farið.

Reynslan hefur sýnt að kerfið er einfalt í notkun og flestir geta byrjað að skrá og leita að upplýsingum eftir stutta tilsögn (5-15 mín). Hægt er að læra smám saman á kerfið, allt eftir því sem það er notað, en æskilegt er auðvitað að hafa reyndan skrásetjara í 1-2 daga innan kallfæris við þann sem er að byrja að skrá í fyrsta sinn.

Flókin útprentun

Hægt er að útbúa útprentunaskrár eftir þörfum hvers og eins, en forritið býður aðeins upp á 1 leturgerð (curier). Þess vegna er algengast að flytja útprentunarskrár yfir í WordPerfect sem hefur miklu fleiri leturgerðir. Til þess að prenta beint út úr DataPerfect þarf að setja inn sérstakan prentararekil til þess að íslensku stafirnir prentist. Mörgum hefur með réttu þótt útprentun vera óþarflega flókin. Segja má að prentarastjórnun og takmarkaðir útprentunarmöguleikar hafi verið og séu enn helstu ókostirnir við forritið.

Ný kynslóð gagnagrunnsforrita

DataPerfect er orðið um 7 ára gamalt forrit og þó að það hafi verið mjög gott á sínum tíma, og geti enn um sinn þjónað sínum tilgangi, hefur það ekki þróast í takt við nýja möguleika í hugbúnaðargerð. Uppfærslur hafa verið fáar og breytingar fremur litlar gegnum árin. T.d. virðist lítið sem ekkert hafa verið gert til að bæta útprentunar-möguleika forritsins á þessum 7 árum. Það er eingöngu til fyrir DOS-umhverfi og útgáfa fyrir Windows umhverfi er ekki í sjónmáli. Á síðustu misserum hefur ný kynslóð gagnagrunnsforrita litið dagsins ljós. Þau eru venlatengd, grafísk, byggjast á Windowsumhverfi og eru þar af leiðandi mun notendavænni en gömlu forritin. Þeim er stjórnað með mús og hægt er að setja inn í þau bæði myndir og hljóð. Ætli Þjóðminjasafnið að halda frumkvæði sínu í tölvuskráningarmálum verður mjög fljótlega að huga að stefnumótun í því að skipta yfir í nútímalegra skráningarforrit, sem getur nýtt sér ofangreinda möguleika. Ákvörðun um skráningarmál þyrfti að taka mjög fljótlega.

Fjöldmörg grafísk venlatengd gagnagrunnskerfi hafa komið á markað á síðustu árum. Eftirfarandi forrit koma sennilega helst til greina í stað DataPerfect:

Access frá Microsoft er nýtt forrit sem hefur öðlast skjóta útbreiðslu. Útgáfa 2.0 er nýkomin út og þar sem Microsoft er öflugasta hugbúnaðarfyrirtæki heims má aþla að það geti orðið vænlegur kostur á næstu árum.

dBASE hefur um árabíl verið útbreiddasta gagnagrunnskerfi heims, en hefur til þessa aðeins verið til í DOS útgáfu. Nú er komin ný útgáfa af dBase fyrir Windows sem gæti verið áhugaverð. Kunna þarf forrintun til að búa til kerfi í dBase.

FileMaker er til bæði fyrir PC og Makka. Árbæjarsafn hefur látið setja upp sitt skráningarkerfi í FileMaker. Skráðir hafa verið um 13-14000 gripir.

FoxPro frá Microsoft. Forrit sem hefur fengið mjög góða dóma. Er til bæði fyrir PC tölvur og Makka. Access 2.0 hefur fengið margar nýjungar að láni frá FoxPro.

Paradox frá Borland hefur fengið margar viðurkenningar. Það er talið mjög öflugt og auðvelt í notkun. Fyrirtækin Word Perfect og Borland hafa nýlega tekið upp samstarf til að keppa við Microsoft um hugbúnaðarpakka.

Erlendar lausnir

Bent hefur verið á ýmis forrit og skráningarkerfi í öðrum löndum og látið að því liggja að þjóðminjasafnið getum fengið aðgang að slíkum kerfum fyrir lítið verð eða jafnvel ókeypis. Undirritaður er ekki fylgjandi því að taka í notkun erlend skráningarkerfi. Fyrst og fremst vegna fjarlægðar við þjónustu. Í öllum kerfum koma af og til upp vandamál. Þá er mikilvægt að eiga greiðan aðgang að þeim sem hannað hefur kerfið eða þekkir vel til þess. Það getur haft ómæld óþægindi, tafir og kostnað í för með sér ef sækja þarf alla hjálp til útlanda. Í slíku tilviki er þess ekki kostur að fá viðgerðarmann á staðinn í hvert skipti sem eitthvert vandamál kemur upp, t.d. þegar þarf að breyta, lagfæra, bæta við eða uppfæra.

Innlendar lausnir

Að undanförunu hafa tveir aðilar verið að setja upp ný skráningarforrit fyrir minjasöfn. Annar aðilinn hefur valið að nota Access og hinn Paradox.

Undirritaður hefur átt þess kost að skoða bæði þessi skráningarforrit og telur að vel komi til greina að byggja frekar á öðru hvoru þeirra. Þau eru uppbyggð á mjög mismunandi hátt og hafa báðar aðferðir sína kosti og galla. Bæði forritin byggja að nokkru á Aðalskrá. Hvorugt þeirra er að mínu mati enn fullfrágengið eða tilbúið til allmennrar dreifingar, þó að þau geti gagnast einstaka safni. Nauðsynlegt er að gera á þeim nokkrar endurbætur ef þau eiga að henta öllum minjasöfnum landsins.

Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti hefur látið þróa skráningarforrit í Paradox. Jóhann Ásmundsson er höfundur að þessu forriti, sem er mjög metnaðarfullt og spennandi. Hugmyndin er að reyna að búa til gagnagrunn sem gæti orðið menningarsögulegt heildargagnasafn. Kerfið er enn of opið og að mínu mati ætlað að vera of umfangsmikið, en hefur jafnframt mikla möguleika. Búið er að skrá um 1750 gripir í þetta kerfi.

Minjasafnið í Hafnarfirði hefur látið þróa skráningarforrit í Access sem skrifað er í Visual Basic. Rafn Guðmundsson og Már Guðmundsson eru höfundar kerfisins. Kerfið er mjög einfalt í notkun en þarfnast nokkurra lagfæringa áður en hægt er að taka það í notkun sem almennt skráningarforrit fyrir minjasöfn.

Mikil samkeppni á sér stað á markaðinum í dag og þróun er mjög ör í gerð gagnagrunnskerfa. Sem dæmi um hve fljótt þetta umhverfi er að breytast má nefna að fyrir ári síðan var Paradox sennilega einn besti kosturinn sem völ var á, en með nýrri útgáfu á Access virðist Microsoft hafa unnið upp marga þá kosti sem Paradox hafði áður.

Hvaða kröfur ber að gera til nýs forrits?

Nýtt skráningarkerfi verður auðvitað að uppfylla ákveðnar og það verður jafnframt að hafa eitthvað fram yfir hið gamla. Hér að neðan eru lágmarkskröfur sem gera þarf til nýs skráningarkerfis:

1. Að hægt sé, á auðveldan hátt, að yfirfæra öll gögn úr Aðalskrá yfir í nýtt forrit án þess að gögn glatist eða ruglist.
2. Að forritið sé hægt að nota á öllum minjasöfnum landsins.
3. Að nýtt forrit geti a.m.k. framkvæmt sömu eða sambærilegar aðgerðir og DataPerfect, og hafiauk þess mun fleiri vinnslu- og leitarmöguleika.
4. Að notendaviðmót sé einfalt og auðlært.
5. Að útprentunar-, uppfletti- og leitarmöguleikar séu einfaldir og auðlærðir.
6. Að auðvelt sé að uppfæra forritið
7. Að hægt sé að breyta forritinu án forritunarkunnáttu. Þ.e. að ekki sé nauðsynlegt að kalla til sérstakan forritara ef gera þarf breytingar á forritinu.

Ókostir

Ofangreind atriði eru tæknilegs eðlis sem fremur auðvelt ætti að vera að leysa. En þá má spyrja hvers vegna ekki sé búið að skipta um forrit fyrst að komin eru miklu fullkonnari forrit en voru til staðar fyrir 7 árum? Svarið er fyrst og fremst spurning um kostnað. Ákvörðun um að taka í notkun nýtt forrit hefur nokkurn kostnað í för með sér. Á þessari stundu er erfitt að segja til um hver hann gæti orðið. Semja verður við viðkomandi aðila um kaup, viðhald, þróun og uppfærslur á hugbúnaði og yfirfærslu á gögnum úr eldra forriti. Gera má ráð fyrir a.m.k. 50.000 - 100.000 kr stofnkostnaði á hvert safn auk viðhalds og uppfærslusamnings. Ef leitað er til hugbúnaðarfyrirtækja gæti sá kostnaður orðið enn hærri.

Önnur ástæða, eða ókostur, er að fæstar tölvur í eigu minjasafnanna ráða í dag við þennan nýja hugbúnað, sem krefst a.m.k. PC tölvu af 486 gerð. Það er tímabundið ástand sem mun breytast á næstu 2-3 árum, allt eftir því sem eðlileg endurnýjun á tölvubúnaði á sér stað.

Þegar ákvörðun verður tekin um að skipta um forrit er nauðsynlegt að tryggja það fjármagn sem forritið og viðhald þess kostar.

Kostir

Það sem mundi vinnast við að skipta yfir í nýtt grafískt forrit er fyrst og fremst útlitslegur ávinningur. Það yrði einfaldara og þægilegra í notkun þar sem því er stjórnað með mús. Ýmsir nýir möguleikar yrðu að sjálfsögðu til staðar, t.d. að hægt verður að setja inn ljósmyndir og teikningar af viðkomandi hlut, þó að það er varla raunhæft í dag í nokkum mæli vegna þess hve myndir taka mikið pláss í minni. Útprentun yrði einnig mun einfaldari en í DataPerfect.

Valkostur

Annar valkostur er að nota DataPerfect áfram fyrst um sinn, ef hægt er að sætta sig við þá annmarka sem eru á forritinu. Það á fyrst og fremst við um útprentunarmöguleikana og DOS umhverfi og þess að ekki er hægt að nota mús til að fara á milli svæða.

Þar til tölvubúnaður safna hefur verið endurnýjaður og söfnin þar með í stakk búin að geta tekið nýtt forrit í notkun má hugsa sér að DataPerfect verði notað til að koma tölvuskráningu af stað. Þegar nægilega öflugur vélbúnaður er til staðar yrði skipt yfir í nýtt forrit.

Ljósmyndaskráning.

Ljósmyndadeild Þjóðminjasafns hefur keypt norskt kerfi sem nefnist PhotoMac fyrir skráningu á ljósmyndum. Það er sett upp í forriti sem nefnist Hyperkard og er fyrir Macintosh tölvur. Kerfið hefur verið þýtt á íslensku í samvinnu við Árbæjarsafn. Nokkrir byrjunarörðugleikar hafa komið upp í sambandi við kerfið og ekkert hefur enn verið skráð í þetta forrit á Þjóðminjasafni. Norðmenn sem hannað hafa kerfið virðast heldur ekki hafa skráð neinar myndir í kerfið, aðeins ljósmyndara.

Fyrir skömmu bárust fréttir um að hætt sé að þróa Hyperkard og að framtíð þess sé óviss.

Stefna í skráningarmálum minjasafna.

Í kjölfar norrænnar ráðstefnu um tölvuskráningu minjasafna lagði greinarhöfundur fram árið 1985 hugmyndir um hver ætti að vera stefna þjóðminjavörslunnar í skráningar-málum minjasafna. Þessar hugmyndir eru viðraðar hér að nýju til að vekja athygli á þeim markmiðum sem reynt hefur verið að fylgja á undanförunum árum. Þessi markmið eru í meginatriðum enn í fullu gildi. E.t.v. hefur þróun í hug- og vélbúnaði síðustu ára minnkað þörfina á algjörrí miðstýringu, þar eð sífellt auðveldara verður að skiptast á gögnum milli forrita, svo framarlega sem kerfin nota sömu staðla og svæði í sínum skráum.

1. Þjóðminjasafnið á að vera miðstöð fyrir tölvuskráningu safngripa í öllu landinu og stefnumarkandi fyrir hugbúnaðarval og þróun skráingarkerfis. Ísland er ekki stærra en svo, að mjög óskynsamlegt er að vera með mörg kerfi í notkun.
2. Taka ber upp sambærilegan hugbúnað, þannig að öll minjasöfn geti notað eitt og sama skráningarkerfi. Stefna ber að því að koma öllum safngripum landsins inn í eina skrá og eitt gagnanet, þannig að sem auðveldast verði fyrir minjasöfn að skiptast á gögnum.
3. Skráningarforrit sem gagnast á minjasöfnum þarf að vera bæði einfalt, öflugt og hraðvirkt. Það þarf bæði að geta gengið á litlum tölvum og stórum. Það er nokkuð flókið að búa til slíkt forrit, kostar mikla undirbúningsvinnu og sérfræði-þekkingu. Ekki er skynsamlegt að mörg söfn séu að eyða tíma og peningum í að hugbúnaðarþróun.
4. Með tölvuskráningu safngripa opnast fjölmargir nýir leitar- og rannsóknarmöguleikar fyrir söfnin og minjavörsluna í heild. Hægt verður að sjá hvað til er í söfnunum, hvar hver hlutur er geymdur og ekki síst hvaða hluti vantar í söfnin. Tölvuskráning er t.d. mikilvæg forsenda fyrir því að hægt sé að skipuleggja söfnunarstarf og söfnunarstefnu minjasafnanna með markvissum hætti.

Framvinda tölvumála á Þjóðminjasafni

Taka verður tölvumálin föstum tókum á Þjóðminjasafninu og setja sér markmið sem stefnt verði skipulega að. Helst þurfa þau að vera í umsjón eins ákveðins aðila. Eftirfarandi atriði tel ég að þurfi að hafa í huga í sambandi við tölvumál Þjóðminjasafnsins og beri að stefna að þegar á næsta ári.

1. *Nettenging á tölvum innanhúss og samnýting gagna.*
Í því felast kaup bæði á vél- og hugbúnaði, m.a.:
 - a) Netkerfi og uppsetningu þess.
 - b) Kaup á netstjóra eða móðurtölvu fyrir kerfið.
 - c) Nethugbúnaður.
2. *Endurnýjun á tölvum.*
Fylgt verði þeirri meginstefnu að endurnýja tölvubúnað með hæfilegu millibili. Kaup á nýjum tölvum séu að jafnaði miðaðar við þarfir þeirra sem þurfa að nota stærstu forritin. Þeirra eldri tölvur fái þeir sem helst þurfi á þeim að halda. Elstu tölvurnar verði skráðar í safnið sem safngripir allt eftir því sem þær úreldast.
3. Tekin verði ákvörðun um val á grafisku skráningarkerfi og gengið verði til samninga við íslenska forritara um þróun, viðhald og uppfærslur fyrir minjavörsluna, á næsta eða þarnæsta ári.
4. Komið verði á sem fyrst tengingu við Íslenska menntanetið og Internet.

Niðurstaða

Varðandi skráningarkerfi tel ég að réttast sé að bíða um sinn með að skipta um forrit. Þjóðminjasafnið er með skráningarkerfi sem virkar ágætlega og skilar flestum þeim kröfum sem gera þarf til skráningarkerfis. Ágallar eins og að geta ekki notað mús, eða að þurfa að flytja útprentunarskrár yfir í WordPerfect til þess að nýta allar leturgerðir og stærðir sem þar er boðið upp á, kosta e.t.v. fáeinar mínútur í vinnslu. Kerfið mun einnig nýtast á innanhússneti. Í raun er nettenging nauðsynleg og mjög brýn fyrir frekari framþróun í skráningarmálum, óháð því hvaða skráningarkerfi er notað. Þó að sá möguleiki sé fyrir hendi í nýju forritunum, að skanna inn myndir til að hafa með hverjum hlut, tel ég að það sé tæplega raunhæft í dag, vegna þess hve frekar myndir eru á minni tölvunnar. Tölvubúnaður Þjóðminjasafns og flestra annarra minjasafna er í dag ekki heldur nægilega öflugur til þess að ráða við hin nýju forrit, jafnvel án mynda. Það er tæknilegt vandamál sem mun leysast á næstu árum með bætum gagnageymslum, t.d. með ódýrari geisladiskum.

Þjóðminjasafnið á að fylgjast vel meðforritum og skráningarkerfum sem verið er að þróa um þessar mundir, og að reyna að hafa áhrif á þróun skráningarkerfa. Mikil átök eiga sér stað á milli stærstu hugbúnaðarfyrirtækja út í heimi. Þróunin er mjög ör. Í dag er ekki alveg ljóst hvert mun stefna í þessum málum á næstunni, þ.e. hvaða forrit munu hljóta útbreiðslu og hvaða forrit verða undir í samkeppninni. Þetta mun skýrast á næstu 1 - 2 árum. Þjóðminjasafnið hlýtur stöðu sinnar vegna alltaf að verða leiðandi afl í skráningarmálum minjasafna. Það er mitt mat að skynsamlegast sé að bíða með að skipta um skráningarkerfi núna, og bíða þar til vélbúnaður safnsins sé í stakk búinn að taka við hinum nýju forritum. Eins og áður hefur komið fram verður ein meginkraftan ætíð sú, að hægt sé að flytja öll gögn úr gamla kerfinu yfir í það nýja. Skráning gagna í núverandi kerfi mun því ávallt koma að gagni.

Ég legg þess vegna til að á næstunni verði mest áhersla lögð á að tengja allar tölvur safnsins á innanhússnet og uppfæra tölvukost safnsins eftir þörfum.

* * * * *

Að lokum er ekki úr vegi að minna á að tölvur eru atvinnutæki sem gera okkur kleyft að vinna ákveðin verk á hagkvæmari hátt en hægt er með nokkrum öðrum hætti. Tölvur á söfnum á ekki aðeins að nota sem dýrar ritvélar til að skrifa bréf og greinar. Þær á að nota til þess að halda utan um alla starfsemi safnsins. Með aðstoð tölvunnar er hægt að tryggja auðveldan aðgang að hvers kyns gagnaskráum um safngripi, ljósmyndir, teikningar, fornleifarannsóknir, fornleifafundi, eða hvað sem þörf er á að halda skrá um. Tölvur er einnig hægt að nota til að teikna eða skanna inn myndir af fornleifum, fornleifarannsóknum, byggingum og hvers kyns kortum sem þörf er á að vinna með, og prenta út birtingarhæfar teikningar í hvaða mælikvarða sem verkast vill.

Með tölvum er auk þess hægt að vera í sambandi við allan heiminn frá skrifborðinu sínu.

Guðmundur Ólafsson
Deildarstjóri fornleifadeildar